



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
5. fundur 2015 (51. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 03.07.2015 kl. 10:00 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Sigurður Thoroddsen	skipulagsnefnd
Einar Jón Pálsson	"
Steinþór Einarsson	"
Kristinn Halldórsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sveinn Valdimarsson	skipulagsfulltrúi
Anna Margrét Tómasdóttir	Mannvirkjastofnun

Guðlaugur H. Sigurjónsson boðaði forföll.

1. Deiliskipulag Cargo - Catering á nýju svæði

Skipulagsfulltrúi kynnti hugmyndir um Cargo - Catering á nýju svæði sem yrði væntanlega í samræmi við nýtt aðalskipulag flugvallarins þegar þar að kemur.

2. Deiliskipulag vörumóttaka við Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Gerð er tillaga að breytingu á deiliskipulagi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar vegna áforma um stækkun flugstöðvarinnar. Fyrirhuguð stækkun mun m.a. hýsa nýja og stærri vörumóttöku fyrir flugstöðina og skrifstofur. Breyting á deiliskipulagi felur í sér:

- ▶ Stækkun á svæði F, þar sem hluti svæða A og B eru felld inn í svæði F
- ▶ Stækkun byggingarreits flugstöðvar
- ▶ Afmörkun á athafnasvæði fyrir vörumóttöku
- ▶ Aðkomum að lóð er fækkað

Skipulagsnefndin samþykkti að fram fari grenndarkynning vegna breytingarinnar í samræmi við gr. 5.8.2 í skipulagsreglugerð. Hagsmunaaðilar eru Isavia, IGS, Kjóavöllur 4 (Fasteignafélagið Völlur), Blikavöllur 2 (hótel, Anton ehf).

3. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar. Staða og næstu skref

Skipulagsfulltrúi kynnti stöðu vinnunnar við endurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar. Eftirfarandi kom m.a. fram:

- ▶ Unnið er að því að uppfæra greinargerð og uppdrætti með hliðsjón af nýjum ákvörðunum sem komu til vegna þróunarátlanarinnar
- ▶ Ný spá um farþegafjölda
- ▶ Ný spá um flughreyfingar
- ▶ Nýjar flugbrautir
- ▶ Breytingar m.t.t. fornleifa



➤ Reykjanesbraut færð til norðurs

Gert er ráð fyrir að tillagan verði kynnt hagsmunaaðilum síðar í júlí. Rætt var að lokum um merkingu landnotkunar á skipulagsuppdrætti. Sigurður Thoroddsen lagði fram eftirfarandi bókun í þessu sambandi:

„Ég tel að framsetning landnotkunarflokka á landnotkunaruppdrættinum uppfylli ekki skilyrði skipulagslaga og -reglugerðar og er ekki forsögn að deiliskipulagsgerð”.

4. Skipulagsreglur fyrir Keflavíkurlflugvöll

Innanríkisráðuneytið hefur falið skipulagsnefndinni f.h. ráðuneytisins að auglýsa í samræmi við loftferðalög skipulagsreglur þær sem samþykktar voru í skipulagsnefndinni fyrir allnokkru síðan. Reglurnar eru óbreyttar frá tillögum nefndarinnar nema að heitum stofnana hefur verið breytt í samræmi við áorðnar breytingar.

Skipulagsnefndin samþykkti að fela skipulagsfulltrúa að auglýsa skipulagsreglurnar í samræmi við ákvæði laganna þar um.

5. Blikavöllur 5 - fyrirspurn

Bílaeigan Geysir hefur hyggst sækja um heimild til að gera viðbyggingu við enda hússins og óskar eftir stækkun byggingarreits.

Skipulagsnefndin er jákvæð gagnvart umsókninni sem fer síðan í venjulegan skipulagsfarveg.

6. Fálkavöllur 2 - stöðuleyfi fyrir 13 - 14 gáma fyrir flugeldhús

Óskað er eftir stöðuleyfi fyrir 13 - 14 gáma við austurenda Fálkavallar 2.

Skipulagsnefndin gerir ekki athugasemd við að veitt verði umbeðið stöðuleyfi til eins árs enda er um víkjandi starfsemi að ræða í húsinu.

Lögð er áhersla á snyrtilegan frágang vegna gámanna.

7. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður föstudaginn 28.08.2015 í FLE.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

https://verk.isavia.is/skipulagsnefnd/_layouts/15/start.aspx#/SitePages/Home.aspx